



109. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 13. janúar, 2004, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Atvinnumál.
 - a. Byggðakvóti.
 - b. Stefnumótun í atvinnumálum: Minnisblað frá G. Ágústi Péturssyni, viðskiptaráðgjafa.
 - c. Staða ráðgjafapjónustunnar Matgæði ehf.
2. Erindi frá atvinnuráðgjafa Atvinnuþróunarfélags NV.
3. Drög að 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar, fyrirtæki og stofnanir.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. Byggðakvóti.

Rætt um úthlutunarreglur byggðakvóta. Bæjarstjóra falið að senda tillögur um úthlutunarreglur með gögnum bæjarstjórnar.
 - b. Stefnumótun í atvinnumálum: Minnisblað frá G. Ágústi Péturssyni, viðskiptaráðgjafa.

Í minnisblaðinu eru viðraðar ýmsar hugmyndir í tengslum við "matvælabæinn" Blönduós, s.s. samstarfsverkefni í tengslum við Evrópustyrki.

Bæjarstjóra falið að afla nánari upplýsinga varðandi kostnað ofl. er að slíku samstarfsverkefni lýtur.

- c. Staða ráðgjafapjónustunnar Matgæði ehf.

Bæjarstjóri skýrði frá ráðningu Soffíu M. Gústafsdóttur hjá nýstofnuðu fyrirtæki Matgæði ehf. og var Soffía mætt á fundinn. Fyrirtækinu er ætlað að vera ráðgefandi á sviði vöruþróunar, rannsókn- og markaðsstarfs hjá fyrirtækjum í matvælaíðnaði. Hlutverk þess er að stuðla að þróun, frumkvöðlastarfi og nýsköpun. Stofnendur eru Blönduóssbær, Sölufélag Austur-Húnvetninga, Rannsóknarþjónustan Sýni ehf., Mjólkursamlag Húnvetninga, Norðurós ehf., Húnakaup ehf. og Frumherji hf. - matvælasvið.

Bæjarráð fangar þessu skrefi og býður Soffíu velkomna til starfa.



5. Erindi frá atvinnuráðgjafa Atvinnuþróunarfélags NV.

Lagt fram bréf frá Hauki Suska-Garðarssyni, atvinnuráðgjafa, þar sem viðraðar eru hugmyndir vegna stefnumótunar í ferðamálum fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

Töluverð umræða varð um hina ýmsu samstarfsaðila og tengiliði Blönduóssbæjar í ferðamálum. Bæjarráð telur að næg þekking og reynsla sé fyrir hendi innan raða ANVEST og hjá öðrum samstarfsaðilum Blönduóssbæjar, s.s. Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, til að vinna að stefnumótun fyrir Blönduóssbæ.

6. Drög að 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar, fyrirtæki og stofnanir.

Bæjarráð vísar 3ja ára áætlun til næsta fundar bæjarstjórnar.

7. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00 .

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)